

REGLUGERÐ

um gjald af nýreistum húsum í kaupstöðum og kaupþúnum til greiðslu kostnaðar vegna skipulagsmála.

209

21. okt.

1. gr.

Af hverri nýbyggingu, sem reist er í kaupstöðum þeim og kaupþúnum, sveitaþorpum eða orkuverum, þar sem skipulagsupphráttur hefur verið staðfestur, eða þar sem byrjað er að vinna að skipulagsgerð, skal greiða 3‰ í eitt sinn af brunabótavirðing hverrar húseignar.

2. gr.

Nýbygging samkvæmt 1. gr. telst hvert nýreist hús, sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldri hús, ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur $\frac{1}{5}$ verðs eldra hússins.

3. gr.

Gjaldið skal greiða til lögreglustjóranna í því lögsagnarumdæmi, sem húsið er í, en í Reykjavík til tollstjóra. Það fellur í gjalddaga þegar brunabótavirðing fer fram og má taka það lögtaki.

Gera skal skil fyrir gjaldinu til ríkisféhirðis með skilagrein sem öðrum ríkissjóðstekjum.

4. gr.

Brunabótafélög og umboðsmenn þeirra skulu skriflega tilkynna innheimtumanninn fjárhæð brunabótavirðingar nýreists húss þegar eftir að virðing hefur farið fram, og skulu þau veita honum greiðan aðgang að skjölum sínum og bókum um brunabótavirðingu nýreistra húsa.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 64 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kaupþúna og sjávarþorpa, og kemur í stað reglugerðar nr. 97 5. ágúst 1938, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1953, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. október 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um uppbætur á sparifé samkvæmt 13. gr. laga nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu o. s. frv.

210

28. okt.

1. gr.

Rétt til bóta á sparifé eiga einstaklingar, en ekki félög, stofnanir, sjóðir eða aðrir ópersónulegir aðilar.

2. gr.

Til sparifjár, sem bætur greiðast á samkvæmt 1. gr., telst fé, sem lagt hefur verið til ávöxtunar í banka, sparisjóði, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar lánastofnanir, sem hafa fengið löggildingu hins opinbera sem slíkar og ávaxtað hafa fé með sparisjóðskjörum. Hins vegar skulu ekki greiddar bætur á innstæður í hlaupareikningum og öðrum hliðstæðum reikningum. Enn fremur skulu bætur